

Ágætu flokksþingsfulltrúar, kæra framsóknarfólk.

Ég býð ykkur velkomin til 30. flokksþings framsóknarmanna. Það er ánægjulegt að sjá hve mörg ykkar hafa komið til þessa þings um langan veg. Þetta flokksþing er hið fjölmennasta í 92 ára sögu Framsóknarflokksins. Það sýnir djúpar rætur og trausta innviði flokksins okkar að við erum svo mörg saman komin til þess að takast á við þau brýnu verkefni sem blasa við öllum þeim sem vilja starfa að hagsmunamálum íslensku þjóðarinnar í dag.

Á þessu flokksþingi munum við móta okkur stefnu til næstu tveggja ára. Drög að ályktunum sem hér liggja fyrir voru mótuð í samstarfi fjölmargra framsóknarmanna sem lagt hafa mikla vinnu af mörkum til þess að móta stefnuna. Eins og jafnan hefur málefnaverkið farið fram með opnum og lýðræðislegum hætti og hefur það gengið afar vel. Ég færi starfsfólki flokksins undir forystu Sigfúsar Inga Sigfússonar, framkvæmdastjóra, og málefnanefndinni undir forystu G. Valdimars Valdemarssonar bestu þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf.

Ég vil biðja ykkur að gefa þessu ágæta fólki gott klapp.

Við þekkjum öll ástæðu þess að efnt er til flokksþings framsóknarmanna nú um hávetur, viku fyrir þorra, nokkru fyrir en ætlað var.

Nú eru einstæðar aðstæður í sögu þjóðarinnar og Framsóknarflokksins. Hér bíða okkar um helgina óvenjuleg og mikilvæg verkefni sem við þurfum að leysa og mikilvægar ákvarðanir sem við þurfum að taka, bæði um landsmálin og flokksmálin.

Ég tel að það skipti íslensku þjóðina miklu máli að við skilum hér góðu verki og að Framsóknarflokkurinn gangi héðan samhentur undir nýrri forystu. Verkefni okkar er m.a. að móta stefnu sem getur vísað þjóðinni veginn út úr þeim vanda sem við blasir í kjölfar þess að alþjóðleg fjármálakreppa varð að íslensku efnahagshruni, ásamt aulaskap og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar og taumlausri græðgi og fífldirfsku fjármálageirans.

Okkur er trúað fyrir miklu og þessarar ábyrgðar gagnvart komandi kynslóðum er okkur hollt að minnast þegar við göngum til starfa hér á flokksþinginu.

Framsóknarflokkurinn er ein stærsta fjöldahreyfing í landinu með um 12.000 félagsmenn. Þótt við séum nokkur valin til forystu í floknum þá býr aflið í fjöldanum og það er til hans sem forystan sækir styrk sinn og það er gagnvart honum sem við berum ábyrgð og stöndum skil á verkum okkar.

Ágætu framsóknarmenn!

Árið 2008 verður okkur ógleymanlegt. Komandi kynslóðir munu lesa um atburðina í kringum bankahrunið í sögubókum. Ennþá eru kaflar óskrifaðir og við Íslendingar höfum í hendi okkar hvernig bókin endar. Því miður er ríkisstjórnin daufgerð, ósamstillt og aðgerðarlaus einmitt á þeim tíma sem þjóðin þarf helst á forystu að halda. Sú forysta þarf að taka af skarið um ótal ákvarðanir sem þarf að ráðast í til þess að við getum haldið áfram að byggja hér upp gott samfélag.

Viðsjárverðir tímar eru framundan í landinu. Í efnahagslífinu blasir við gríðarlegt atvinnuleysi, skerðing á opinberri þjónustu, ásamt mikilli skuldasöfnun ríkissjóðs – ríkissjóðs sem var nánast skuldlaus þegar við framsóknarmenn fórum frá völdum eftir 12 ára farsælt starf í ríkisstjórn.

Ljóst er að þótt fjárlög þessa árs hafi verið afgreidd með gríðarlegum halla byggðist sú áætlanagerð á mjög óljósum forsendum. Nú þegar er orðið ljóst að ríkissjóður er um það bil að takast á herðar svo þungar byrðar vegna bankahrunsins að nauðsynlegt verður að ráðast í gríðarlegan niðurskurð á opinberri þjónustu og eða stórfelldar hækkanir á sköttum og álögum strax á þessu ári.

Það hefur því sjaldan verið mikilvægara en einmitt nú að auka verðmætasköpun á öllum sviðum í landinu. En þar skilar ríkisstjórnin auðu. Frá henni koma fáar hugmyndir um hvernig hægt sé að efla atvinnulífið og þótt öllum eigi að vera ljóst að það þarf nýja verðmætasköpun til þess að koma okkkur sem fyrst yfir erfiðasta hjallann.

Góðir flokksþingsfulltrúar.

Það er alveg ljóst að við, sem erum á besta aldri, höfum ekki séð dekkri stöðu í efnahagslífinu en þá sem við stöndum nú andspænis. Samfélagslegt verkefni af áður óþekktri stærðargráðu bíður okkar sem þjóðar.

Það er nóturlegt að svo háttar til á þessum örlagatímum að nú situr við völd í landinu ríkisstjórn sem er ekki starfi sínu vaxin og er rúin trausti meðal þjóðarinnar. Því miður hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar einkennst af ráðleysi og dáðleysi.

Ríkisstjórninni hefur ekki tekist að blása landsmönnum þann baráttuanda í brjóst sem nauðsynlegur er til þess að fá þjóðina til þess að takast á við verkefnið í sameiningu. Þess í stað eyðir ríkisstjórnin dýrmætri orku í innbyrðis deilur, sem fara fram á vettvangi fjölmiðla nær daglega. Það er ekki furða þó almenning

skorti traust á hinni pólitísku forystu í landinu. Það er afleitt við aðstæður sem þessar. Mótmælaaðgerðir og mótmælafundir eru daglegt brauð. Réttmætar spurningar brenna á landsmönnum, en engin svör fást. Krafa um pólitíska ábyrgð er hávær og réttmæt, en enginn axlar þá ábyrgð.

Brýnasta og stærsta viðfangsefni íslensks samfélags í núverandi stöðu er að endurreisa traust til stjórnvalda, til viðskiptalífsins og annarra stofnana þjóðfélagsins. Því miður óttast ég að sitjandi ríkisstjórn verði ófær um að leysa það verkefni. Ríkisstjórn sem ekki hlustar á þjóð sína er hvorki líkleg til afreka, né til þess að ná neinni sátt um framtíðina.

En við skulum einnig líta í eigin barm og horfast í augu við eigin ábyrgð. Framsóknarflokkurinn sat við stjórnarvölinn í 12 ár og átti ríkan þátt í samfélagslegum breytingum á þeim tíma. Flestar voru þær breytingar til góðs og hagsæld og velferð einkenndu fyrst og síðast okkar stjórnartíð. En nú hefur komið í ljós að sá lagarammi á sviði fjármálamarkaðar sem innleiddur var hér á landi á okkar vakt og byggir á alþjóðlegum lögum er gallaðar. Það bitnar ekki bara á okkur Íslendingum, þó að það hitti okkur sennilega allra verst, heldur á öllum hinum vestræna heimi. Aðhald með hinum frjálsa markaði hefði þurft að vera meiri og tryggingarkerfið með allt öðrum hætti. Þetta er lærdómur sem alþjóðasamfélagið mun draga og mun bregðast við í náinni framtíð. Vegna áhrifaleysis okkar í lagasetningu á hinu evrópska efnahagssvæði höfum við takmörkuð áhrif á hina nýju lagasetningu en við höfum hins vegar engan annan kost en að innleiða þær nýju tilskipanir sem okkur munu berast frá Evrópusambandsþjóðunum. Þetta er vissulega afar dýrkeypt reynsla fyrir okkur Íslendinga.

Því fer hins vegar fjarri að Framsóknarflokkurinn beri ábyrgð á efnahagshruninu, eins og formaður Samfylkingarinnar ýjar gjarnan að. Eftir því

sem fleiri kurl koma til grafar verður sífellt ljósara að núverandi stjórnvöld sváfu á verðinum. Síðla árs 2007 og á árinu 2008 glumdu viðvörunarbjöllurnar háværum hljómi en ríkisstjórnin skellti við skollaeyrum. Hún neitaði að hlusta og gaf lítið fyrir vísra manna ráð. Ekkert var aðhafst. Íslenska þjóðin fylgist í beinni útsendingu með hverju deilumálinu á fætur öðru milli ríkisstjórnarflokkanna og sýpur seyðið af því til langrar framtíðar. Hvernig er hægt að treysta ríkisstjórn sem þessari?

Ágætu framsóknarmenn!

Þótt við landsmenn séum í tímabundnum mótbyr og við okkur blasi erfið og krefjandi verkefni er mikilvægt að verða ekki bölmóði og svartnýni að bráð. Þótt við stöndum á miklum tímamótum er ég ekki í minnsta vafa um að við getum ratað fram úr þeim og hafið nýja sókn til enn bættari lífskjara – í átt að nýrri og að mörgu leyti gjörbreyttri framtíð. Segja má að nú sé einstakt tækifæri til að byggja upp nýtt samfélag á réttlátari grunni – samfélag sem grundvallast á því að meta manngildi ofar auðgildi.

Það þýðir á mannamáli að hagsmunir fjölskyldna og einstaklinga verði alltaf ofar gróðahyggju og markaðsgrimmð. Hina köldu krumlu frjálshyggjunnar verður að losa af hálsi þjóðarinnar.

Þótt efnahagslífið hafi borið hér af leið og við eigum samdráttarskeið fyrir höndum munum við áfram búa hér við aðstæður sem eru að mörgu leyti öfundarefni meðal annarra þjóða og ef rétt er á málum haldið birtir til fyrr en vænta mætti ef ráðleysi ríkisstjórnarinnar og ósamstaða á ekki eftir að skaða efnahagslífið enn meira en orðið er.

Góðir framsóknarmenn

Af þeim 92 árum sem saga Framsóknarflokksins spannar hefur flokkurinn setið í um 60 ár í ríkisstjórn. Á þessum tímum hefur flokkurinn leitt sókn þjóðarinnar til nýrra og gjörbreyttra lífskjara, breyttrar stöðu okkar í samfélagi þjóðanna og nýs og víðari sjóndeildarhrings fólksins í landinu. Við höfum risið úr örbirgð til bjargálna á tiltölulega stuttum tíma. Síðasta öld hófst í fátækt en við lok hennar vorum við í fremstu röð meðal þjóða heims.

Þegar ég man fyrst eftir mér þá var sjóndeildarhringurinn ekki ýkja stór. Hann var í rauninni bara bærinn okkar og túnið heima. Mér fannst langt að fara á næsta bæ þó að það væri innan við kílómetur.

Það var einstaka sinnum farið til Akureyrar á Willis. Ferðalagið tók á annan klukkutíma enda taldi móðir mín hæfilegan ökuhraða 40 kílómetra á klukkustund. Þá væri maður viðbúinn öllu. Þegar við komum frá Akureyri fór um mig sælutilfinning þegar ég sá heim að bænum. Því fylgdi öryggisútilfinning.

Síðan leið tíminn og ég fór í skóla í Reykjavík. Þá hafði heimurinn stækkað og þegar ég fór heim í fríum færðist sælutilfinningin yfir þegar sá niður í Eyjafjörðinn.

Ég dvaldi tímabundið erlendis, sem var góð lífsreynsla. Þegar heim kom var ég á heimavelli þegar flugvélin lenti á Íslandi.

Árið 1987 var ég kjörin á Alþingi. Á fyrstu árunum á þingi fór ég ásamt tveimur öðrum þingmönnum á umhverfisráðstefnu til Rússlands. Þá var veldi Sovétríkjanna enn við lýði og það var dimmt í Moskvuborg. Þegar lent var í Kaupmannahöfn á leið heim til Íslands fann ég þessa sælutilfinningu sem áður er

getið. Þannig hafði sjóndeildarhringurinn enn stækkað. Ég var hluti af norrænni heild.

Þetta er heimsvæðingin eins og hún snýr að mér sem einstaklingi, eins og ég upplifi hana á eigin skrokki, en hún endurspeglast jafnframt í stjórnmálalegu viðhorfi mínu. Margir aðrir hljóta að upplifa breytingarnar með svipuðum hætti.

Góðir framsóknarmenn.

Það hafa verið forréttindi að fá að eiga þátt í því að breyta tiltölulega einangruðu þjóðfélagi og þjóðlífi hér á landi í nútímalegt, framsækið samfélag, sem er í fremstu röð þegar litið er til velferðar þegnanna.

Við eigum mikil tækifæri á fjölmörgum sviðum. Framtíðarmöguleikar okkar byggjast á því að við höldum áfram að nýta þau tækifæri sem felast í alþjóðavæðingunni og að við nýtum auðlindirnar okkar og þann kraft og þekkingu, sem býr í þjóðinni, með skynsamlegum og sjálfbærum hætti. Við eigum ungt og vel menntað fólk sem í vaxandi mæli leitar sér framhaldsmenntunar í háskólum heima og erlendis og öðlast þannig færni og þekkingu sem mun tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Við eigum einnig þá sem eru eldri og reynslunni ríkari, vinnufúst og harðduglegt fólk sem vill miðla af þekkingu sinni og lífsreynslu til að gera þjóðfélaginu allt það gagn sem hægt er.

Við eigum miklar auðlindir til lands og sjávar, ekki síst í endurnýjanlegri orku, bæði í óbeisluðu vatnsafla og jarðhita og líka í íslenskri sérþekkingu á nýtingu orkunnar. Vissulega eigum við Íslendingar þar mikil tækifæri.

Á þessari öld, sem er nýhafin, mun endurnýjanleg orka og þróun endurnýjanlegra orkugjafa verða í lykilhlutverki. Þar liggja líklega stærstu tækifæri okkar í framtíðinni.

Auk auðlindanna höfum við gnægð lands til ræktunar lífmassa, orka býr í sjávarföllum, sólarljósi og vindinum. Þarna verður vaxtarbroddur nýsköpunar á næstu árum og áratugum. Nýr forseti Bandaríkjanna hyggst nota 150 milljarða dollara til að þróa nýja orkugjafa á næstu tíu árum. Þarna bíða Íslendinga miklir möguleikar. Ef til vill verðum við fyrst þjóða til að notast eingöngu við endurnýjanlega orku, hvort sem er til húshitunar, raforkuframleiðslu eða til að knýja samgöngutæki okkar. Möguleikarnir á að verða óháð öðrum þjóðum um innflutning á hvers konar eldsneyti á komandi árum og áratugum eru í það minnsta afar góðir. Fyrst af öllu þarf að hafa sýn og trú á möguleikum framtíðarinnar.

Við eigum einnig aðra dýrmæta auðlind, sem aðrar þjóðir horfa með öfundaraugum til, og það er vatnið. Margir segja að stríð og átök framtíðarinnar verði háð vegna yferráða yfir vatnsbólum til neyslu og ræktunar. Talað er um að lágmarks vatnspörf á mann á dag sé um 20 lítrar. Í fátækum löndum eru milljónir sem verða að komast af með fjórðung þess. Í framtíðinni verður neysluvatn okkar dýrmæt auðlind.

Góðir framsóknarmenn.

Framsóknarflokkurinn hefur verið í forystu í flestum þeirra stóru mála sem skipt hafa sköpum í framþróun íslensku þjóðarinnar á undanförunum áratugum. Það var ríkisstjórn undir okkar forystu sem hóf þá vegferð sem leiddi til þess að EES-samningurinn var gerður.



Flestir eru þeirrar skoðunar að EES-samningurinn hafi reynst ómetanlegt verkfæri til þess að þróa íslenskt samfélag og bæta lífskjör þjóðarinnar. En þeim fer fjölgandi sem gera sér nú ljóst að hagsmunum okkar Íslendinga er ekki nægilega vel borgið með sjálfstæðum gjaldmiðli – íslensku krónunni – á innri markaði Evrópu, þar sem fjármagnið flæðir frjálst.

Það hefur komið á daginn að það er einfaldlega of áhættusamt að halda úti minnsta sjálfstæða gjaldmiðli heims og treysta honum til að fljóta eins og korktappa á stórsjó hins alþjóðlega fjármálaheims. Í dag hefur sú peningamálastefna beðið skipbrot og í Seðlabankanum, í Sjálfstæðisflokknum, og víðar, þurfa menn nú að horfast í augu við staðreyndir sem áður mátti ekki einu sinni nefna. Veruleikinn breytist aldrei við það að neita að horfast í augu við hann.

Ágætu flokksþingsfulltrúar.

Það er eitt af stærstu verkefnum okkar hér á þessu flokksþingi að taka afstöðu til þeirrar spurningar hvort við eigum að hefja aðildarviðræður við ESB og láta á það reyna í samningaferli hvort samningar náist, þar sem vel skilgreind samningsmarkið okkar nái fram að ganga. Slíkan samning yrði að sjálfsögðu að bera undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við erum Evrópuþjóð og eigum mesta samleið með Evrópuríkjum – pólitískt, menningarlega og efnahagslega. Við tilheyrum innri markaði Evrópu þar sem evran er sá gjaldmiðill sem ræður ríkjum. Evrulöndum fer fjölgandi. Slóvakía tók upp evruna nú um áramótin og önnur nýrri ríki Evrópusambandsins vinna hörðum höndum að upptöku hennar. Tæpur helmingur af viðskiptum okkar er við Evrulönd og það hlutfall mun að öllum líkindum aukast í framtíðinni.

Kjósi Ísland í framtíðinni að gerast aðili að Evrópusambandinu tel ég að slíkt skref, án þess að gera lítið úr því, hafi minni áhrif á daglegt líf Íslendinga en stökkið sem var tekið við aðildina að EES, jafnvel þótt hin lögformlega breyting yrði vafalaust meiri.

Því er gjarnan fleygt fram í umræðunni hversu samningsstaða okkar gagnvart ESB er slæm við núverandi aðstæður.

Það kann að vera að samningsstaða okkar hafi stundum verið betri, en sagan sýnir að önnur ríki hafa náð samningum þrátt fyrir bágborið ástand heima fyrir. Því fer t.a.m. fjarri að Svíþjóð og Finnland hafi sótt um aðild að ESB í styrk sínum. Svíþjóð var í sárum eftir fjármálakreppu og Sovétviðskipti Finna höfðu hrunið. Sömu sögu er að segja af nýrri ríkjum sambandsins sem koma frá mið- og austanverðri Evrópu. Við skulum því ekki falla í gildru minnimáttakenndar og uppgjafar.

Ég vænti þess að hér á flokksþinginu munum við koma okkur saman um þau markmið sem við þurfum að ná fram ef til þess kemur að gengið verði til aðildarviðæðna við Evrópusambandið.

Þar á ég við þau markmið að tryggja innlent eignarhald auðlinda okkar til lands og sjávar. Við þurfum sömuleiðis að tryggja að landbúnaður okkar geti blómstrað til frambúðar og brauðfætt þjóðina og við þurfum að tryggja óskorað fullveldi með skýru ákvæði um að við getum sagt okkur úr sambandinu ef þurfa þykir. Náist þessi atriði ekki fram í aðildarviðræðum tel ég enga þörf á að leggja samning undir dóm þjóðarinnar. Svo sammála tel ég að þjóðin sé um þessar grundvallarforsendur aðildar.

Við framsóknarmenn erum vel undir það búin að taka afstöðu til spurningarinnar um aðildarviðræður hér á þessu flokksþingi. Allt frá upphafi þessarar aldar höfum við kannað málið og lagt góðan grunn að þeirri ákvörðun sem þarf að taka nú um helgina.

Félagar okkar hafa unnið fjölmargar vandaðar skýrslur þar sem tekist er á við mörg helstu álitamál sem geta komið upp í viðræðum okkar við Evrópusambandið. Síðustu vikur og mánuði höfum við haldið fjölda funda um Evrópumál víða um landið. Því miður miður þurftum við þó að fella niður einn fund í síðustu lotu þeirrar fundaraðar vegna ófærðar.

Margir hafa áhyggjur af því hvað verði um fullveldi okkar og þjóðleg gildi við aðild að Evrópusambandinu. Gömlu gildin eru mikið til umræðu núna og það er vel. Gömul gildi þýða hins vegar ekki að við eigum að hverfa til fortíðar. Við eigum frekar að byggja á því sem vel hefur tekist og nýta þá reynslu til framsækinnar uppbyggingar.

Ísland er eitt þeirra landa sem legu sinnar vegna er mjög háð samskiptum og viðskiptum við aðrar þjóðir. Það felast meiri tækifæri og ríkari hagsmunir í að auka slík samskipti fremur en að loka landinu og hverfa til búskaparháttar fortíðarinnar.

Ágætu flokksþingsfulltrúar

Í þeirri umræðu sem fram hefur farið undanfarna mánuði innan flokksins og í þjóðfélaginu hef ég skynjað mjög ríka og sterka kröfu um endurnýjun í forystusveit flokksins. Það er fullkomlega eðlilegt að slíkar raddir vakni við slík umskipti sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að

sú endurnýjun geti orðið og gef því ekki kost á mér til endurkjörs í forystu flokksins hér á þessu flokksþingi.

Eitt af því sem gerir þetta flokksþing þess vegna sögulegt er að hér bíður það verkefni að kjósa flokknum nýja forystu og fjölmargir frambjóðendur eru í kjöri. Frambjóðendur hafa ferðast um landið undanfarnar vikur og sums staðar hefur verið tekist á í aðdraganda þessa þings. Það er einnig eðlilegt. Stjórnmalaflokkar verða að geta þolað heiðarleg átök innan sinna raða en ég treysti því að við framsóknarmenn berum gæfu til þess að snúa bökkum saman þegar niðurstaða er fengin.

Framsóknarflokkurinn er frjálsslyndur félagshyggjuflokkur, sem á að vaxa upp frá rótunum og sækja styrk sinn og næringu í jarðveginn. Framsóknarmenn hafa sjaldnast hikað við að láta skoðanir sínar í ljós þótt þær kynnu að vera einhverjar aðrar en forystu flokksins. En það hefur verið einkenni framsóknarmanna að síðan hafa þeir sætt sig við ákvörðun meirihlutans. Ég tel að þannig eigi lýðræðislegur flokkur eins og Framsóknarflokkurinn ávallt að starfa.

Kannski er þetta flokksþing mikilvægasti tímunktur fyrir Framsóknarflokkinn í áratugi. Íslenskt samfélag er í upplausn eftir efnahagsáföll og verkefni sem við blasa eru bæði erfið og mikilvæg. Flokkurinn stendur mjög illa í skoðanakönnunum og ef hann á að leika mikilvægt hlutverk í endurreisninni verður flokkurinn að ná fyrri styrk.

Traust þjóðarinnar mun aðeins fást við samhentan flokk sem hefur eitthvað mikilvægt til málanna að leggja. Samvinnuhugsjónin, félagshyggja, jöfnuður og umfram allt manngildi ofar auðgildi eiga að vísa okkur leið – bæði flokknum og þjóðinni til heilla. Göngum héðan hnarreist og einbeitt og sækjum fram, saman!